

C Q T F



Á félagsfundum laugardaginn 15. janúar var Eggert Steinsen, TF3AS útnefndur heiðursfélagi Í.R.A. Við sama tækifæri var Sveini Guðmundssyni, TF3T afhent gullmerki Í.R.A. en hann var útnefndur heiðursfélagi 14. ágúst 1996. Einnig var Stefán Arndal TF3SA sámdur silfurmerki Í.R.A. Myndina tók Kristján Benediktsson TF3KB

Í þessu blaði

1. tbl.
23. árg.
feb. 2005



Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfundna	4
Ferðaloftnet	5
Eggert Steinsen TF3AS nýr heiðursfélagi Í.R.A.	7
Muwango er ekta amatör	8
„LANGIR“ VÍRAR „stutt“ svar!	9
JOTA 2004	14
SYLRA	15
Radíóskátar	15
Kryddum upp innanlandsfjarskiptin	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísinda legra rannsóknna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíóþróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðaraútlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíó meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2004-2005 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sveinsson TF3GB
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radíóamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ITR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhlóf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radíóstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radíótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar og gleðilegt ár.

Í síðasta pistli mínum hér færði ég í tal breytingu á kallmerkja útgáfu og bað um viðbrögð félagsmanna og umræður á síðum blaðsins. Skemmst er frá því að segja að viðbrögðin eru nánast enginn utan einn tölvupóstur þar sem viðkomandi lýsti sig sammála tillögunni. Á ég að trúa því að það sé enginn í félaginu sem hafi áhuga fyrir að tjá sig um þetta mál með eða á móti? Síður blaðsins standa ykkur opnar.

Ég talaði einnig um að mig vantaði nokkra aðila til að skrifa fasta dálka í blaðið þetta eina síðu í hvert blað eða svo. Viðbrögðin við þessu voru að einn hafði samband við mig og er það Kristinn Andersen TF3KX og bauð fram krafta sína sem ég að sjálfsgöðu þáði með þökkum. En betur má ef duga skal og því birti ég þetta ákall mitt hér aftur með von um frekari viðbrögð.

Mig vantar nauðsynlega einhverja sem væru tilbúnir til að skrifa um eitthvert fast efni hálfra til eina síðu í hvert blað. Viðkomandi gætu valið sér efnið sjálfir og sent mér síðan í tölvupósti. Þetta er alger nauðsyn fyrir áframhaldandi útgáfu blaðsins og vitnið þið nokkuð það er ekki eins hryllilegt að skrifa eina blaðsíðu í A5 stærð með 10 punkta stafstærð og þið haldið.

Það flögrað hér með vestangolunni um daginn að Þorvaldur TF4M bóndi í Otradal vestur væri sko ekki aldeilis hætur í loftnetaframkvæmdum og nú væri á teikniborðinu eitthvað „smálegt“ fyrir 80- og 160 metra böndin. Ef ég þekki vin minn Þorvald rétt þá verður þetta ekkert „lítið“ og jafnvel hefur heyrst að strengja eigi eitthvað milli fjalla. Það sem er á staðnum hefur virkað vel og sambönd á 40- og 80 metrum til USA og Ástálar ekki óalgeng.

Í Fréttablaðinu 10. janúar 2005 blaðsíðu 34 er grein um að Í.R.A. hafi gefið munaðarlausum dreng í Uganda nýtt útvarpstæki ásamt rafhlöðum. Ekki er hægt að segja annað en að þetta hafi yljað manni um hjartaræturnar og verð ég að lýsa ánægju minni með þessa ákvörðun stjórnar félagsins. Frá þessu er síðan sagt betur á blaðsíðu 8 í þessu blaði.

Ég vil nota þetta tækifæri til að óska þeim félögum okkar Eggerti Steinsen TF3AS, Sveini Guðmundssyni TF3T og Stefáni Arndal TF3SA til hamingu og megi þeir vel njóta.

73 de TF5BW

CQ TF febrúar 2005

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Gleðilegt nýtt ár.

Fyrir hönd stjórnar Í.R.A. óska ég ykkur gleðilegs árs og þakka fyrir nýliðið ár.

Í desember á síðasta ári var haldið amatörapróf. Allmargir náðu þar tilskyldum árangri til að fá útgefin leyfisbréf.

Nú þegar hafa nokkrir (2) látið heyra í sér í loftinu, þeir TF3SWN og TF2IC frá Stykkishólmi.

Að kennslu komu allmargir „gamlir“ amatörar og miðluðu sinni kunnáttu til þeirra sem minna kunnu

Ennþá kom í ljós hinn mikli skortur á kennsluefni fyrir radióamatöra á íslensku. Það er mín skoðun að Í.R.A. ætti að fá til þess menn að setja upp kennslubók og mætti þá gjarnan hafa til hliðsjónar heftið sem PRACTICAL WIRELESS gaf út fyrir mörgum árum og hefur verið notað hér á landi og víðar um heim sem undirstaða kennsluefnis. Til að gera slíkt hefti þarf vissulega hæfa menn en ef vilji væri fyrir hendi mætti gera þetta að góðu hefti. Þetta kostar talsverða fjármuni en þó ekki svo mikla að félagið ætti að geta staðið að þessu verkefni eða í samstarfi við aðra sem kenna þetta efni.

Kannski gæti þetta orðið kennsluefni í Iðnskólum landsins.

Hvað veldur því að ekki eru fleiri komnir í loftið. Í sumum tilfellum er um að ræða að ekki er aðgangur að tækjum, HF eða VHF, eða eftirfylgni félagsins ekki næg. Þar á ég við að félagið geri ekki nóg til þess að hjálpa mönnum í loftið eða eins og einn orðaði það „félagið ætti að eiga litla transcevera til að lána mönnum í nokkra mánuði og hjálpa til að koma upp einföldum loftnetum.“ Kannski væri þetta ein leiðin en þó held ég að það sé skamm-

CQ TF febrúar 2005

vinnt. Stjórnin sendi þessu fólki boð um að það gæti fengið aðild að félaginu sem aukameðlimir en fengju þó aðgang að ira póstinum, fengju félagsblaðið og annað sem félagið lætur í té. Aðeins tveir hafa í dag látið vita að þeir hafi áhuga. Ég veit um fullt af mönnum sem eiga ónotuð tæki, sem verða sennilega aldrei eða sjaldan notuð.

Enn á ný hefur náttúran sýnt mátt sinn og megin og nú í Indlandshafi en þar hafa tugþúsundir fólks látist og milljónir manna misst heimili sín og enn hefur ekki tekist að hafa samband við fjölda staða. Því dettur mér í hug að vera að skrifa um þetta hér? Jú staðan er einföld það voru radióamatörar sem voru einna fyrstir til þess að láta vita um þessar hörmungar og hafa verið víða á fullu við hjálparstörf. En hér á landi gætu amatörar verið tiltækir ef einhverjir vildu þiggja þessa þjónustu. Ekki er áhugi hjá almannavörnum til þess. Á vestfjörðum hafa staðir verið sambandslausir í marga daga. Væri ekki ráð til þess að við hefðum samband við einhver þau samtök sem enn eru rekin sem sjálfbóðasamtök, til dæmis Raudakross Íslands ég er þess næstum fullviss að þar gæti neyðarþjarskiptasveit amatöra komið að gagni. Ekki endilega sem einhverjir „græjugæjar“ heldur væri hægt að setja okkur í mótökustöðvar til skráningu á innkomnu fólki eða hvað sem er. Fyrir nokkrum árum var reynt að koma þessu upp hjá Almannavörnum ríkisins en því miður dagaði það uppi, strandaði á einhverjum „skipulagsatriðum“ en hafi einhverjir áhuga þá er nú sennilega tækifærið til þess að gera eitthvað í málunum. Með kveðju um gott fjarskiptaár.

73 TF3HP

Haraldur Þórðarson, formaður Í.R.A.

Fundargerðir stjórnarfunda

Ársæll Óskarsson TF3AO og Bjarni Sverrisson TF3GB



TF3AO

Stjórnarfundur haldinn í Skeljanesi, 2.des. 2004 og hófst kl. 19:05.

Mættir voru: TF3HP, TF3GW, TF3GB, TF3SNN, TF1VG og TF3AO.

Í fjarveru ritara var TF3AO beðinn að skrá fundargerð.

TF3HP hafði fengið bréf frá LA2RR, formanni IARU Region 1, þar sem hann kvartaði undan samskiptaleysi við Í.R.A. Hann hafði verið að ítreka eftir svörum Í.R.A. vegna IARU ráðstefnu sem haldin skyldi að hausti 2005. TF3HP hafði haft samband við TF3KB, IARU tengilið okkar og farið þess á leit við hann að sækti þessa ráðstefnu fyrir okkar hönd. Kristján TF3KB, hafði þegar athugað málið og komist að því að kostnaður væri í auknum mæli greiddur af IARU. Stjórnin styður TF3KB heilshugar til að vera fulltrúi okkar á fundinum svo og NRAU fundi sem verður í ágústmánuði 2005.

Námskeið hefur verið í gangi uppá síðkastið og munu um 20 þátttakendur koma til með að þreyta próf sem haldið verður laugardaginn 11. desember n.k.

Gjaldkeri var spurður um hvernig innheimta gengi. Svaraði hann því til að hún gengi þokkalega.

TF3GW sagði frá bréfi sem sent var P&F, vegna notkunar amatöra á 70cm. bandinu.

TF3HP las úr bréfi frá EDR, þar sem boð komu um NRAU fund helgina 6.-7. ágúst 2005. Yrði fundurinn haldinn í Kaupmannahöfn. EDR óskar eftir svári fyrir 31. des. hversu marga fulltrúa við ætlum að senda.

TF3TNT mættur á fundinn kl. 19:40.

Formaður, TF3HP, fór þess á leit við TF3TNT að hann segði ritarastarfinu lausu, þar sem hann hefði ekki skilað embættinu eins og þurfa þyrfti. HP sagði að TF3GB væri tilbúinn til að losa TNT undan em-

bættinu. TF3TNT sagðist vera yfirhlaðinn störfum og námi og hefði haft lítinn tíma til að sinna ritarastarfinu. Niðurstaða fundarins var að TF3GB tæki við ritarastarfinu, en TF3TNT yrði meðstjórnandi, þ.e.a.s. tæki við embætti GB.

TF3GB lagði til að fundinn yrði tími til að skipta um stög á „vertika“ loftnetinu, og sagði hann loftnetið vera nokkuð svagt með núverandi stögum.

Fundi slitið kl. 19:55.

Fundargerð ritaði TF3AO.



TF3GB

Stjórnarfundur 04.01.'05.

Mættir voru TF3HP, TF3AO, TF3GW, TF3GB, TF3SNN og TF3TNT.

Formaður setti fundinn kl. 19.10 og óskaði öllum gleðilegs nýs árs.

Tekið var til umræðu bréf frá Braga Reynissyni, TF3ETN, þar sem beðið var um að haldið yrði annað amatörpróf fljótlega, svo þeir sem fengu N-leyfi gætu uppfært sig í G-leyfi. Haldið yrði hraðnámskeið til liðkunar og upprifjunar. Gerður var góður rómur að þessu og formanni veitt umboð til að koma þessu í kring og fá Jón Þórodd, TF3JA til að halda utanum framkvæmdina.

Rætt var um framkomnar áhyggjur af því að prófin væru orðin of þung. Bent var á að Íslendingar væru bundnir af HAREC reglunum um samhæfingu prófa (sem hefur áhrif á gjaldgengi okkar skírteina milli landa). Voru fundarmenn sammála um að okkar próf væru í ágætu samræmi við HAREC og þættu frekar sanngjörn.

Formaður bar fram tillögu um að Eggert Steinsen, TF3AS, yrði næsti heiðursfélagi. Var það samþykkt einróma. Einnig að Stefan Arndal, TF3SA, yrði sæmdur silfurmerki félagsins. Þá kom einnig fram Sveinn Guð-

Framhald á síðu 15

CQ TF febrúar 2005

Ferðaloftnet

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



TF3NJ/VA6NJ

Öðru hvoru dettur inn á gafl hjá manni eitt og annað sem við fyrstu sýn virðist ekki merkilegt en er við nánari skoðun alveg þræl sniðugt og áhugavert.

Fyrir nokkrum vikum rakst ég á kunningja minn og var hann með dularfullan svartan plast hólk undir hendinni.

Þegar ég fór að spyrja hann út í hvað þetta væri rétti hann mér hólkinn með þeim orðum að þetta væri loftnet sem hann var nýbúinn að kaupa og mér væri velkomið að fá það lánað til að prófa það.

Myndin er af einhverri útgáfu af loftnetinu og er fengin að láni á vefsíðunni sem Niels minnist á í greininni



Það þarf nú ekki að snúa mikið uppá handlegginn á radióamatör til að fá hann til að prófa nýja græju, sérstaklega ef einhver annar hefur borgað brúsann.

Hólkurinn er um það bil 60cm langur og 10cm í þvermál með áskrúfuðum enda. Innihaldið er í haganlega gerðum poka sem er með marga vasa af ýmsum stærðum fyrir allt sem fylgir og er pokaum rúllað upp og síðan stungið í hólkinn.

Þetta loftnet er framleitt af W3FF og er kallað Buddipole og er dipóll fyrir 40m til 2m eða 7-54 MHz og 144-148 MHz.

Miðju stykkið er með coax fæðilínunni áfastri og snittuð göt fyrir armana tvo sem síðan skrúfast á sitt hvoru megin. Á armana skrúfast síðan spólur sem eru með innstungum sem notaðar eru til að skammhleypa vafningum eftir því hversu mikill hluti spólnnar er notaður og hvaða tíðni er valin. Á spólnnar skrúfast síðan útdraganlegar stangir, svipað og FM loftnet á ferðatækjum, sem eru notaðar til frekara tíðni vals og aðlögunar.

Ef verið er á 40m þá er allur armurinn notaður útdreginn ásamt öllu spani spólnnar og síðan eru endarnir dregnir inn og spólan stytt (rafmagnslega) með því að skammhleypa vafningum eftir því sem hærri tíðnisvið eru valin.

Ef nota á loftnetið á 2m eru aðeins útdraganlegu endarnir skrúfaðir á miðju stykkið og

þá dregnir inn að hluta.

Einn af aukahlutunum sem vert er að fá sér með þessu loftneti er millistykki svo hægt sé að skrúfa kústskaft í miðju stykkið og notaði ég útdraganlegt álskaft sem er notað á málningar rúllu og er u.þ.b. 5 metrar full út dregið, stakk síðan endanum í gegnum gat á borði, sem ætlað er fyrir sól hlíf, sem ég er með út á sólpallinum.

Loftnetið er ótrúlega létt eða rétt innan við 1kg og auðvelt í meðförum, allt efni er mjög vandað og frágangur til fyrirmyndar.



Hér sést pakkingin af einni útgáfunni sem er að vísu án þrífóts. Þessi mynd ásamt þeirri hér til hliðar er fengin að láni á sömu vefsíðu.

Ég var QRP (loftnetið þolir 250W) og náði DL stöð héðan (DO21) á 20m en skilyrði voru ágæt þennan dag. Ég prófaði 2m, 15m, 30m og 40m seinna um daginn og það er auðveldlega hægt er að snúa loftnetinu með

annari hendi komst ég að því, sem ekki voru nein stórvísindi, að stefnuvirknin var ágæt á 2m og 15 en ekki sérleg á 30 og 40m en þar spilar inn í hæð yfir jörðu ásamt öðru.

Eigandinn hafði gert nákvæma töflu yfir allar lengdir þegar hann setti loftnetið saman og prófaði í fyrsta skipti og var sú tafla mjög handhæg og sparar manni tíma við að breyta loftnetinu milli tíðnisviða.

Þetta loftnet væri mjög heppilegt á Íslandi þar sem sjaldnast er hægt að henda vírbút upp í tré eins og hérna fyrir vestan og eins er hægt að nota bara annan arminn á dipólnum og skrúfa miðju stykkið á þrífót og leggja út víra sem jörð og er þá hæð yfir jörð ekki eins afgerandi.

Verðið er um US\$250 með öllum aukahlutum og held ég að það sé vel þess virði sérstaklega núna þegar krónan er svo hagstæð gagnvart dollaranum.

Nánari upplýsingar og myndir á www.buddipole.com og fyrirspurnir hjá info@buddipole.com

Kannski ég fái eitt loftnet frítt fyrir svona góða auglýsingu, tæplega en ég ætla að setja loftnetið á óskalistann fyrir næstu jól.

73 de Niels TF3NJ



Eggert Steinsen TF3AS nýr heiðursfélagi Í.R.A.

Haraldur Þórðarson TF3HP

Ágætu félagar

Það er mér mikil ánægja að tilkynna eftirfarandi:

Á stjórnarfundum Í.R.A. 03.01.2005 var eftirfarandi samþykkt gerð.

Að útnefna Eggert Steinsen TF3AS sem heiðursfélagi Í.R.A.

Eggert fékk fyrst leyfi amatöra árið 1947 sem TF5AS en hann var þá búsettur á Akureyri. Eggert fékk síðan kallmerkið TF3AS 1951 er hann flutti hingað suður til Reykjavíkur þar sem hann hefur lengst af starfað Eggert lauki fyrrihluta verkfræðináms við Háskóla Íslands og seinni hlutanum í Kaupmannahöfn við þann skóla sem við þekkjum sem DTU. Þess má til gamans geta að þrjú barnabörn hans stunda nú nám við þennan sama skóla.

Eftir að hann kom heim staraði hann hjá ýmsum aðilum svo og með sína einkaverkfræðistofu.

Fyrir hönd okkar allra hér óska ég Eggerti til hamingju með áttæðisafmælið hans á síðast liðnu ári, og þakka honum fyrir ræktarsemi hans við Í.R.A.

Ágætu félagar.

Stefán Arndal sem við í dag höfum ákveðið að sæma silfurmerki ÍRA er fæddur 26. ágúst 1931 og er því aðeins nokkrum árum yngri en félagið okkar.

Stefán tók próf loftskiptamanna 1948 og próf í simritun 1950

Skipaður stöðvarstjóri fjarskiptastöðvarinnar á Gufunesi 1967

Stefán var prófdómari í Loftskiptaskólanum og sem slíkur einnig fyrir Í.R.A. og allir eða flestir þeir sem tóku cw próf á síðari hluta síðustu aldar þekjka Stefán og hans þrúðmannlegu og hógværu framkomu hans. Ég man eftir því að þegar ég hafði fallið í morsi þá hvatti Stefán mig til þess að æfa aðeins betur. Seinna um veturinn hitti ég hann síðan í Austurstræti og þá bauð hann

CQ TF febrúar 2005

mér upp í loftskiptaskólan og ætlaði aðeins að testa mig í það sinnið náði kunnáttan til þess að ég fékk N-leyfið. Nokkru seinna fékk ég síðan A-leyfi. Stefán fékk C leyfi amatöra 1982, Stefán átti ennfremur sæti í stjórn Í.R.A.

Ég vil þakka Stefáni fyrir mína hönd og annarra Íslenskra radióamatöra fyrir störf hans í okkar þágu.



TF3HP nælir silfurmerki í barm TF3SA

Sveinn Guðmundsson TF3T er óþarft að kynna hér innan okkar vébanda svo órofið er samband hans við Í.R.A. allt frá stofnun félagsins 1946. En fyrir þá sem yngri eru hér þá má geta þess að í allmörg skipti hefur Sveinn gengt störfum formanns Í.R.A.

Sveinn var kjörinn heiðursfélagi á afmælisárinu 1996 en því miður var ekki þá hægt að búa til merki félagsins úr gulli þar sem stansinn hafði glatast. Nú hefur ræst úr þessu og vil ég því færa Sveini merkið, þótt seint sé.

Muwango er ekta amatör

Haraldur Þórðarson TF3HP



Haraldur TF3HP og Jónas Þórisson

Síðast liðið haust birtist grein í Fréttablaðinu um tvo bræður í Uganda, munaðarlaus.

Það sem vakti athygli mína var frásögn fréttamannsins um þann eldri, en hann hafði tekið að sér að sjá um framfærslu þess yngri og meðal annars að sjá um að hann fengi skólagöngu, var að hann hafði komist yfir gamalt viðtæki knúið af rafhlöðum, sem hann var í sífelldu basli með. Í frásögninni var sagt að hann í fyrstu hefði aðeins náð þrem stöðvum (á stuttbylgju) en síðan hafði honum dottið í hug að tengja stuttan vír (gaddavír) við loftnetsinnangang tækisins og þá batnaði þetta að-

eins síðan setti hann upp trjágrein (vertical) og enn lengri vír en það sem gerði greinilega bestan mun var að hann setti gamla reiðhjólajörð á enda loftnetsins (e.k. topload!). Greinilega efni í radióamatör!!

Á stjórnarfundum í október 2004 bar ég síðan upp tillögu um að Í.R.A. gæfi þessum bræðrum nýtt viðtæki og rafhlöður og var það samþykkt einróma. Í framhaldi af því hafði ég síðan samband við Jónas Þórisson framkvæmdastjóra Hjálparstofnunar kirkjunnar og bar upp við hann erindið. Jónas taldi að þetta gæti gengið en það mig um smáfrést til að hann gæti athugað hvernig best væri að standa að þessu.

Nú í byrjun árs hafði ég síðan samband við hann aftur og hafði hann þá kannað hvernig best væri að gera þetta, sagðist hafa talað við vin sinn sem vinnur á svæðinu. Sá þekktari strákana og taldi best að hann keypti viðtækið og rafhlöður sem hann síðar mundi afhenda þeim.

Í dag. 07.01.05 fór ég síðan og afhenti Jónasi peningana kr. 6000.00 til kaupa á þessum búnaði.



„LANGIR“ VÍRAR, „stutt“ svar!

Vilhjálmur Kjartansson TF3DX



TF3DX

Frá ritstjóra: Fyrir jól var góð umræða um endafædd virloftnet á ÍRA-rabbínu. Þar kom ýmislegt fram sem gagnlegt væri að halda til haga á síðum CQ-TF, og hafa viðkomandi tekið vel í

það. Villi TF3DX svaraði fyrirspurn frá Jakobi TF3SWN og hafði um svarið fyrir-sögnina að ofan. Svar hans fer hér á eftir með lítilsháttar breytingum og tilvísun í skrif Jakobs, Yngva og Kalla.

Sæll Jakob¹ og aðrir, til hamingju með TF3SWN (short wave!).

Á hvaða hæð í húsinu er sjakkurinn? Tekurðu inn um glugga? Er málmklæðning utan á húsinu?

Það er skynsamlegt að lengja vörinn upp í 39 m, ekki síst til að fá gott „sky-wave“-net fyrir innanlandssambönd á 80 m. Beygjan hefur lítil áhrif í því samhengi. Hins vegar dreifir hún stefnavirkninni á stuttbylgjunni og það getur ýmist verið til bóta eða bölvunar, allt eftir bandinu og hvert þú ætlar að hafa samband. Fyrir fram er það væntanlega ekki gefið, svo þú bara setur þetta upp og notar svo lipran loftnetskiptara til að velja betra netið hverju sinni.

Ég geri ráð fyrir að vertikalinn sé vel aðlagður, svo þú getir haft tjúnerinn eingöngu á vörnum, og skiptirinn kæmi sendismegin við hann. Þannig nærð þú samanburði með snöggum skiptingum, það væri til trafala að mündla tjúnerinn á milli neta. Þá væri nær að smíða annan tjúner.

Þegar þú berð netin saman, er áriðandi að gera sér grein fyrir að ekki er víst að sendingin sé sterkust á netið sem þú heyrir best

CQ TF febrúar 2005

á. Það er vegna þess að heyrnin ræðst svo mjög af S/N-hlutfallinu, að þú gætir dæmt það netið betra sem í raun skilar veikara merki, bara vegna þess að það eru minni truflanir á því. Þú verður að þjálfa þig í að meta styrkinn í móttökunni án tillits til truflana. Þá er oft til bóta að deyfa móttökuna með „Attn.“ og/eða „RF gain“ uns merkið er bara rétt læsilegt, þá er maður næmari á breytingar og AGC-ið platar síður.


Láréttur vör hefur oft miklu betra S/N en vertikal, ég þarf stundum að skipta á milli eftir því hvort ég hlusta eða sendi. Reyndar hef ég sérstakan raflíða sem ég get tengt kóaxana í gegnum til þess og er drifinn af RX/TX skiptingu frá tækinu eða handvirkum rofa að vild.

Vör sem er samtals hálfbylgja eða heilt margfeldi þar af, er það sem er kallað spennufæddur, hátt Z. Við oddamargfeldi af kvartbylgju er hann straumfæddur, lágt Z og þarf nauðsynlega mótvægi (counterpoise), jörð eða annað með rýmd til umhverfis, til að taka við straumnum.

Ég notaði svona Zeppelin fæðingu eins og Yngvi lýsir² þegar ég bjó um tíma í kjallara, en annars tek ég venjulega loftnetsendann bara beint inn á tjúner eins og Kalli lýsir³. Þannig hef ég haft það síðustu 14 árin með sjakkinn á 2. hæð í timburhúsi, og víra af ýmsum lengdum, upp í rúma 100 m. Nú er ég með 39 m, fyrir utan tilfallandi tilraunir.

Við Zepp-fæðingu er nauðsynlegt að nota hálfbylgju loftnet, eða heilt margfeldi þar af, svo strumurinn í loftnetinu sé nærri núll þar sem fæðilínan tengist. Annars er ekki hægt að hafa hinn fæðilínuvörinn ótengdan uppi, nema maður sætti sig við útgeislun frá fæðilínunni. Upphaflega Zeppelin loftnetið, sem var notað á Graf Zeppelin og öðrum

ATH: Kapplína flytur af J frá sendi til tjáners með strömu sem fer aðra leiðina eftir innri leiðara kappis og hina innna á skermunum. Þessi straumur upphéfast úr á við og verða ekki fyrir áhrifum af spólunni né ferritgjörnum á kappi. Þeir koma ekki við sögu á myndinni.



RF jörð eða mótvegi

Um alla rafvaka gæðir að sami straumur fer inn á annað skautið og út af hinu.

Allt sem tengt er J verður þv hluti af RF-jörðinni, þ.m.t. skermurinn á kappi til TCVR.

TF3DX

Ef rýmd sendis til umhverfis, rúllagva 0.5 fvt, álgir ekki, er hægt að auka spennufellinguna með sérstakri "útlisjörð" sem hefur lágt tvítrívíðmát, t.d. vir sem er fjórðungur þvlgjulemdar.

þýskum loftförunum, var einmitt hálfbylgjuvív með kvartbylgju-fæðilínu. Það gaf resónans með lágu viðnámi í sendisendann sem hentaði vel fyrir „link“ kúplingu eins og tíðkaðist í þá daga, en ekki nauðsynlegt ef tjúner er notaður.

Ef þú tekur vírinn inn, þá á lengdin að mælast alla leið að tjúner eins og Kalli³ sagði. Það er reyndar dálítið dularfullt þetta með reynslu Kalla af jarðtengingu, annars vegar með hálfbylgjuvív og hins vegar tvíþól. Tvíþóll ætti að vera algjörlega óháður jarðtengingu til viðbótar, nema sem öryggisatriði, hann skaffar RF-straumnum lokaða hringrás. Spennufæddum hálfbylgjuvív ætti líka að standa á sama, en á tíðnum þar sem vírinn hittir illa á heiltölumargfeldi af hálfbylgju er einhvers konar mótvægi, jörð eða annað, beinlínis nauðsynlegt til að RF-straumur geti gengið milli loftnets og „jarðar“.

39 m vír hefur reynst ágætur millivegur fyrir hátt Z á öllum böndum frá 80 m upp í 10 m, og gerir því litlar kröfur til mótvægis, jafnvel hægt að sleppa því ef „heitur sjakkur“ er ekki vandamál. Auðvitað hefur hæð yfir jörð og nálægð við hús einhver áhrif á nákvæmlega bestu lengd, en 39 m hafa gefist flestum vel.

Það er rétt sem Yngvi sagði, með 100 W þarf að huga vel að „RF í sjakk“. Stundum hafa sendar læst sig í sendingu vegna afturverkunar sem veldur sjálfsveiflu í útgangi, eða CW merki fær ljótan tón og tal verður bjagað. Það er nánast nauðsynlegt að hafa tjúnerinn strax þar sem vírinn kemur inn, t.d. við gluggapóst, en tækin að öðru leyti dálítið frá svo nokkrir metrar af kóax liggja þar á milli. Á hann skal gera góða samháttaar-dvalvefju (common mode choke), til að „jarðstraumur“ frá jörð tjúnersins leiti ekki eftir kóaxinum til tækjanna, heldur fari út til mótvægis ef það er notað. Það hefur reynst vel að vefja hluta af kóaxinum upp í ein-

vafsspólu á plaströr, t.d. 70 mm í þvermál. Ég hef notað kannski um 20 vindinga af RG-58 til að fá sæmilega hátt kæfviðnám á 80 m. Líka má vefja á ferrítkjarna eða setja smellikjarna á kapalinn, því meira sem er af mismunandi kæfingu því betra. Kóaxinn sitt hvorum megin við spólu eða kjarna ætti að liggja vel aðskilinn. Þetta er í raun 1:1 straum-balun sem Yngvi nefnir.

Nú segir sig sjálfst að ALLS EKKI má tengja saman jörðina á tjúnernum og tækjunum, framhjá þessari straumkæfingu, hún væri þá til lítils!

Ef einhverjir aðrir kaplar fara til tjúnersins, t.d. stýrikaplar eða DC-spenna, verða þeir að fá sömu meðferð. Bilið milli tækja og tjúners ætti að vera nokkur fet hið minnsta, til að rýmdin milli þeirra leiði ekki of mikið framhjá.

Þetta í sjálfu sér dugir stundum, en hugum líka að „jarðtengingu“. Þá er lykilatriði að halda „RF-jörðinni“ og „tækjajörðinni“ allveg aðskildum. Best er að RF-jörðin sé utanhúss, þannig að sá loftnetsstraumur sem er, gangi bara mjög stutta leið um tjúnerinn innan húss, og valdi þar með óverulegri útgeislun nema utan veggjar.

RF-jörð hefur í raun ekkert með raunverulegt „jarðsamband“ að gera, það þarf verulega góða og umfangsmikla tengingu í móður jörð ef hún á að vera tapslítill. Það er bara spurning um eitthvað leiðandi. Málmklæðning er sérlega góð, ef það eru samskeyti ætti að tengja á nokkrum stöðum sitt hvorum megin við þau. Ef ekki er um klæðningu að ræða rétt utan við inntaksstaðinn, má nota vír frá tjúnernum sem liggur út við hliðina á loftnetsvírnum (báðir með þykkri einangrun). Ég myndi hafa þennan vír kvartbylgju á 20 m, þ.e. um 5 m langan, mælt frá „jarðklemmu“ á tjúner út í opinn (einangraðan) enda. Vírinn má liggja niður með veggnum, en betra væri að strekkja

hann út eða á ská niður.

Með 39 m loftneti gæti þessi eini vír dugað hinum böndunum líka, en eftir því sem reynslan kynnir að leiða í ljós einhver vandræði á sérstöku bandi, myndi ég bæta við svona vír sem er skorinn kvartbylgja á því.

Það er áriðandi að gera sér grein fyrir að ekki er hægt að „leiða“ RF-jörð langar leiðir eins og jörð fyrir 50 Hz eða DC. Ef leiðsla nær kvartbylgju umbreytist skammhlaup til jarðar í annan endann í nánast einangrun í hinn! Þessu veldur standbylgjumynstrið á leiðaranum, rétt eins og á loftneti. Það þýðir að „góð tenging“ verður að vera miklu miklu styttri en kvartbylgja, og kvartbylgja er bara 2,5 m á 28 MHz! Reiknið nú! Að leiða vír nokkra metra, t.d. upp í þakplötur eða niður í jarðskaut er því gagnslítið, nema kannski fyrir 80 m og 160 m. Sömulleiðis væri algjör della að halda að gulgræna „jörðin“ í raflögn húss sé nothæf sem RF-jörð á móti loftneti. Svo langt er í raunverulega jarðtengingu að hún er í engu frábrugðin fasavírnum eða núllvírnum hvað RF varðar. Rýmdin á milli víranna gerir þá að mestu að einum sameiginlegum RF-leiðara. Reyndar gæti hist svo á að þeir væru þokkalegt mótvægi fyrir loftnet, en það að senda RF-straum út á rafkerfið er rakin leið til truflana og jafnvel skemmda á tækjum.

„Í gamla daga“ notuðu menn stundum ofnakerfið sem RF-jörð. Þó umfangsmikill ofn geti verið gott mótvægi, sendir þetta líka RF-straum til nágrannanna.

Þarf tækjajörð, þ.e. tækismegin við samháttarkæfinguna? Þrátt fyrir þessar ráðastafanir sem ég hef lýst, getur rafsvið frá háspennuendanum á loftnetinu, og tjúnernum ef hann er opinn, valdið RF-spennu á kassa tækjanna og leiðslum t.d. í hljóðnema eða lykil. En þessi spenna kemur um mjög hátt tvinnviðnám í rýmdinni þarna á milli, og því þarf venjulega ekki mikla „jörð“ þarna

megin til að drepa hana niður. Raflögnin til tækjanna gerir sitt, og ef ofnakerfi eða vatnslagnir eru tiltækar má líka prófa að tengja þær við jarðklemmur tækjanna, að því tilskyldu auðvitað, að þær séu vel aðskildar frá RF-jörð tjúnernsins! Líka má leggja kvartbylgjuvír, t.d. með framgölflistum, og þá í áttina frá staðnum þar sem loftnetið er tekið inn.

Sjálfur tek ég núna vírlofnet inn um plaströr í gegnum trévegg. Ég er með blikkgrind sem heldur gipsplötum að innanverðu, og hnoðaði samskeytin í henni næst inntakstöðum. Tengidósir eru í veggnum sem rörin að utan koma inn í, þessar dósir eru festar beint með járnskrúfum á blikkgrindina. Tjúner er settur beint yfir tengidósina með 2-3 cm vír út í grindina. Hún er því mótvægið mitt og virðist nánast fullkomin sem slík. Hún er það þétt riðin og umfangsmikil að hún virkar eins og svokallað Faradaybúr utan um sjakkinn, þ.e. algjör rafsviðsskermur. Það er bara á 10 m sem smávegis hefur örlað á „RF í sjakk“, en fjarri því svo mikið að valdi vandræðum.

Loks vil ég geta þess að nauðsynlegt er að hafa DC-leiðni frá vírloftneti til jarðar, eftir kóaxinum yfir í tækin og rafmagnsjörðina ef verkast vill, til að afhlaða stöðurafmagn. Annars geta safnast þúsundir volta á vírinn í úrkomu, einkum eljagangi þó rigning dugi oft, með tilheyrandi neistaflugi sem getur skemmt tæki. Þegar ég nota heimasníðaða tjúnera reyni ég alltaf að haga þeim svo, að spólan leiði DC frá loftnetstengi í jörð. Annars þarf að nota RFC, en það getur verið snúið að búa til eða fá keypt RFC sem hefur nausynlega hátt Z á öllum böndum og er frí við sníkjuresónansa. Það er hins vegar enginn vandi ef hún á bara að brúa 50 ohm, en ekki þessi „kíló-ohm“ sem geta veri Z horft inn á 39 m vír. Viðnám sem væri 50-100 kíló-ohm gæti dugað til að afhlaða, en það þarf að búa til úr raðtengingu margra viðnáma svo það þoli afflið og RF-spenn

una.

Þess utan er sjálfsögð regla tengja vírinn beint til jarðar þegar hann er ekki í notkun.

73, Villi TF3DX



TF3SWN

1) TF3SWN skrifaði:

Sæll Vilhjálmur. Ég er með eina spurningu og hún er þessi.

Vírinn minn er eins og áður segir u.þ.b. 17 metra langur og liggur 10 metra langsum fyrir ofan jörð frá na í sv. Fjarri endinn liggur síðan út að reykþáf á þaki nærliggjandi verzlunar. Mig langar til að lengja vírinn í u.þ.b. 39,6 m. Til þess að svo megi vera, þarf ég að búa til L-laga form á vírinn og þyrfti seinni hluti hans að slópast niður í u.þ.b. 30° halla. Með þessu móti fengi ég meiri lengd og eins útgeislun í allar höfuðáttir.

Telur þú að það sé eitthvað vit í þessum þælingum hjá mér? Eins væri mjög fróðlegt að vita hvernig þú ráðlegðir mér með t.d. tengingu á fæðilinu í vírinn ásamt upplýsingum með hvernig tenging á jörð kemur inn í myndina varðandi notkun langa vírsins.

Hlakka til að heyra frá þér.

Kveðja Jakob TF3SWN



TF3YH

2) TF3YH skrifaði:

Ég myndi nota opna fæðilinu (eða vandað twin lead) þar sem þú tengir bara aðra leiðsluna við loftnetsvírinn og hefur hina ótengda. Við hinn endann á fæðilinu tengja 1:1 „current balun“ í „óbalanserað-

ann tjúner“ eða fæðilinu beint í „balanseraðann tjúner“. Jarðtengja síðan vel allt í „sjakknum“. Það spanast upp gagnsteðir straumar í ótengda hlutanum á opnu fæðilinu sem kemur í veg fyrir útgeislun frá henni. Ef þú átt ekki loftnetahandbók ARRL þá er ég til í að lána þér hana í einhverja daga.

Lausn Kalla býður upp á mikið RF í „sjakknum“ sem er yfirleitt ekki vanda-mál með QRP en gæti verið vandamál með 100w eða meira.

Ég vildi gjarnan koma því við að geta hengt upp svona langan vir. Skv. Minni reynslu eru það oft góð loftnet sérstaklega þegar þú kemur þeim hátt upp í loftið.



TF3KJ

3) TF3KJ skrifaði:

Ég hef næstum einungis notast við LW í gegnum tíðina og reynsla mín af honum er þannig að t.d. á 3.5 MHz (80m) hef ég notað hálfbylgju LW (40 m) mældan frá enda alveg niður í sendi þ.e.

enngar sérstakrar fæðilinu til vírsins er þörf. U.þ.b. 3/4 af lengdinni er milli húsa og 1/4 hlutinn (ca.) niður í sendinn er „fæðilinan“ ef svo má að orði komast og útgeislun er þvert frá virmum.

Í upphafi þegar ég var fyrst að fíkra mig áfram í þessu vakti það líka athygli mína að ekki er æskilegt að jarðtengja sendinn noti maður 1/2 bylgju net, þá dofna öll merki frá honum (hér er ég að miða við morse sendingar). Hins vegar ef dipóll er notaður og þá með coax er jarðsamband sendisins nauðsynlegt.

Þetta er sem sagt mín reynsla sem ég vil hér með koma á framfæri.

JOTA 2004

Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Konráð Þórisson TF3KE



TF3GS og TF3KE

Þetta skiptið. Var það haldið í samvinnu við Smiðjuhópinn og JOTI og þegar sú samvinna er þá kallast helgin Smiðjudagar. Til leiks voru mættir TF3KE, TF3VG, TF3RJ og TF3GS. Héldum af stað úr bænum með stútfullan bíl af búnaði áleiðis til Þorlákshafnar þar sem Herjólfur beið okkar.

Komið var til eyja með Herjólfu upp úr ell efu á föstudagskvöldi og var þá farið í skáta og björgunarsveitarheimilið en þar voru aðalbúðirnar okkar. Hafist var strax handa við að setja upp loftnet og vorum við nú fljótir að því enda mastur á staðnum sem auðvelt var að príla upp í með spotta. Þá var ekkert annað í stöðunni en að tengja stöðina við og prófa og voru höfð nokkur sambönd.

Á laugardeginum fluttum við okkur upp í framhaldskólann en þaðan var JOTI hlutinn starfræktur. Komum við okkur fyrir í einni kennslustofunni og settu upp okkar loftnet og leyfðum þeim sem vildu að prófa og fræðast um hvað við vorum að gera. Um kvöldið var svo farið í Skátastykkið sem að er við suðurendan á flugvelinum, en þar eru heimamenn búnir að koma sér upp smá útivistar og útilegu aðstöðu. Þar var kvöldmatur framreiddur, sem voru grillaðir hamborgara af langgrilli. Þarna var fyrra af tveimur metum slegið það kvöldið, 150 borgarar voru eldaðir á innan við 20 mínútu. Yfirgrillmeisterar komu auðvitað úr röðum Radióskáta.

Þegar búið var að ganga frá eftir matinn var haldin kvöldvaka. Eftir þetta allt var nú komið að miðnætur sundi en það er fastur liður á Smiðjudögum. Þá var komið að því að slá næsta met því að 36 krakkar fóru í sama

JOTA heita pottinn.

Var Morguninn eftir fóru krakkarnir í frágang og við í að taka niður okkar búnað. Haldið var heim með seinni ferð Herjólfis á sunnudeginum í heldur verra sjólagi.

Við höfðum samband við rúmlega 50 erlendar stöðvar og nokkrar íslenskar. Megnið af erlendu stöðvunum voru erlendar JOTA stöðvar í t.d. Hollandi, Bretlandi, Þýskalandi, Noregi (þar var íslendingur á mic) og víðar. Nokkrir áhugasamir skátar voru miðað með okkur og höfðu gaman af að kynnast þessum fræðum okkar.

Guðmundur Sigurðsson, TF3GS
Konráð Þórisson, TF3KE

**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

TF Kallmerki á DX-Summit

Fyrir ári síðan athugaði ég hvaða TF kallmerki væru oftast nefnd á DX-Summit (<http://oh2aq.kolumbus.com/dxs/>). Yfirlit fyrir árin 1997 til og með 2003 birtist í febrúarútgáfu CQ TF 2004. Árið 2003 voru þeir TF8GX, TF3CW og TF3GC í þremur efstu sætum. Þegar árið 2004 er skoðað kemur í ljós að Þorvaldur (TF3M, TF4MM, TF4M) hefur tekið forstuna með TF8GX í öðru sæti og TF3CW í þriðja sæti. Þetta gefur ákveðna mynd af DX virkni en segir hinsvegar ekkert um hverjir voru duglegastir við innanlandssambönd.

73 de TF5SJ/LA0BX
CQ TF febrúar 2005

SYLRA

Vala Dröfn TF3VD/Anna Henriks TF3VB

SYLRA þing 12 til 15 júní 2005.

Eins og fram kom í CQTF haustið 2003 þá fóru TF3VD og TF3VB í leiðangur til Kaupmannahafnar í ágúst 2003 og hittu þar 8 YL frá hinum norðurlöndunum og stofnuðu norræn samtök kvenradióamatöra. Og fyrsta ákvörðun samtakanna var að hittast næst á Íslandi árið 2005.

Og nú er komið að því. Dagana 12 til 15 júní næstkomandi munu vonandi streyma hingað YL, sumar hverjar með OM í far-teskinu. Dagskrá er í mótun, verður aðlöguð að fjölda gesta.

Það er von okkar að íslenskar YL, já og jafnvel OM líka, hafi áhuga á að taka þátt í þessu með okkur. Áhugasamar eru hvattar til að hafa samband við undirritaðar, þátttöku þarf að tilkynna fyrir 15. febrúar.

Vala Dröfn, TF3VD@centrum.is

Anna Henriks, TF3VB

Fundargerðir stjórnarfunda frh.

mundsson, TF3T, væri þegar orðinn heiðursfélagi án þess að hafa tekið við gullmerk- inu og heiðursskjalinu. Var ákveðið að ráða bót á því á næsta félagsfundi 15. janúar.

TF3AO viðraði áhyggjur sínar af umferð utanfélagsmanna og manna án amatörleyfa á endurvörpum félagsins og hvort ekki mætti loka endurvörpunum fyrir utanað- komandi umferð. Félagið legði í talsverðan kostnað við endurvarpana, sem þessir aðil- ar tækju ekki þátt í. Í þessu sambandi var bent á að þetta hefði borið á góma áður en þá hefðu menn ekki treyst sér til að fram- kvæma þetta, m.a. vegna þess að sumir fé- lagar notuðu enn gamlar stöðvar, sem ekki hefðu rétta búnaðinn fyrir slíkt. Ákveðið að hugsa málið aðeins.

Lagt var fram dreifibréf númer 186 dags.03.12.'04 frá IARU. Þar þakkaði Larry E. Price fyrir góða kosningu sem for- seti IARU og Timothy S. Ellam þakkaði góða kosningu í sæti varaforseta. Með bréf-

Radíóskátar

Vala Dröfn TF3VD

Það er nóg að gera þetta árið hjá Radíósk- átum. Fyrst ber að nefna að þessa dagana er verið að leggja lokahönd á standsetningu á nýju húsnæði okkar í nýrri skátamiðstöð upp í Hraunbæ. Vonandi munu því vikulegir fundir brátt hefjast aftur hjá okkur, væntan- lega á mánudögum að venju.

Í febrúar er síðan TDOTA, sem er minni út- gáfan af JOTA.

Í maí standa Radíóskátar og Smiðjuhópur síðan fyrir norrænu þingi Radíó og intern- etskáta. Það verður haldið í Hafnarfirði.

19.-26. júlí verður landsmót skáta á Úlfjós- vatni. Að venju verða Radíóskátar þar með fjölbreytta dagskrá. Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópinn með okkur eru hvattir til að hafa samband við Konráð.

inu fylgdi atkvæðaseðill um tillögu IARU númer 240 að bjóða lýðveldinu Gíneu aðild að samtökunum. Samþykkt var einróma að styðja tillögunu.

TF3SNN spurðist fyrir um kaup á VHF/ UHF búnaði til gervitunglafjarskipta o.fl. Var því svarað þannig að málið væri í hönd- um VHF/UHF hópsins og stjórnin stæði við fyrri samþykktir varðandi kaup á búnaði.

Vegna flóðbylgjunnar í Asíu spannst um- ræða um þátt radióamatöra í neyðarfjar- skiptum á svæðinu. Amatörradíó var lengi vel eina sambandið við Andaman-eyjar og m.a. indverska stjórnin virkjaði radióamat- öra til neyðarfjarskipta á þeim svæðum sem verst urðu úti. Víðast hvar væru amatörar virkir þátttakendur í starfi hjálparsevita og hópar innan vébanda amatöra sérhæfðu sig í búnaði til notkunar við afar frumstæð skil- yrði. Þótti dapurlegt að enginn radióamatör væri sem slíkur tengdur almannavarnarkerfi Íslands.

Fundi slitið 20.30.

Fundargerð ritað TF3GB

Kryddum upp innanlandsfjarskiptin

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

jafnframt eru sérstaklega gefin stig fyrir að hafa sambönd við stöðvar milli ólíkra kallsvæða og fyrir að ferðast um landið eða jafnvel til útlanda með radiótækni. Sambönd í Útileikum gefa að sjálfsgöðu stig, einkum á ferðalögum, og einnig má minna á heiðurskjöl ÍRA sem TF5BW sér um og þannig styður hvert annað við að efla fjarskipti milli íslenskra amatöra.

Fyrstu viðurkenningarnar

Þegar þetta er skrifað er fresturinn fyrir ársfjórðunginn október-desember 2004, sem kalla má “prufukeyrsluna”, runninn út. Ef ég tel sjálfan mig með liggja niðurstöður frá fjórum amatörum fyrir. Bjarni, TF3BM, sló til og lagði okkur lið með því að senda inn gögn þótt hann tæki fram að hann hefði skráð aðeins lítinn hluta af innanlands-samböndunum sínum og niðurstöðurnar gæfu því ekki fulla mynd af virkni hans á tímabilinu. Gulli, TF8GX, og Þór, TF3GW, voru hins vegar með öll sín sambönd skráð. Þegar talið er upp úr kössunum er niðurstaðan að Þór hefur örugglega vinninginn, með samtals 12.312 stig. Þar nýtur hann einkum þess að hann hafði öll samböndin austan frá Flúðum sem TF1GW, en stigin eru einmitt reiknuð þannig að mönnum er umbunað fyrir að hafa sambönd úr kallsvæðum utan fjölmennisins. Það sama á við TF8GX í Keflavík. Að öðru leyti eru niðurstöðurnar teknar saman í eftirfarandi töflu.

Til þess að gera þáttökuna sem fyrirhafnarminn-

sta þarf ekki að senda inn lista úr radiódagbókum (logg-bókum), heldur dugir að telja saman þau TF-sambönd sem höfð hafa verið á tímabilinu og telja stigin saman skv. reglunum, sem eru sár-aeinfaldar. Samtals komu fyrir 30 mismunandi TF-kallmerki og einna oftast komu fyrir **TF1GW, TF3TF, TF1GC og TF3FK**, sem skv. þessu litla úrtaki voru meðal þeirra virkustu í innanlandssamböndum. Langflest samböndin voru á 3633 kHz, en þó voru talin til sambönd á tíðnisviðum allt frá 160 m til 6 m. Skráð voru sambönd frá kallsvæðum **1, 2, 3, 4, 7 og 8** á þessum þremur mánuðum (hvað er að fréttu af amatörum í hinum kallsvæðunum – halló, Akureyri?). Í tímans rás getur orðið fróðlegt að sjá af niðurstöðunum hvernig virkni innanlands á HF-tíðnunum þróast.

Byrjum aftur á nýju ári

Ég óska Þór, TF3GW/TF1GW, til hamingju með árangurinn og þakka TF8GX og TF3BM fyrir að leggja okkur lið með því að taka þátt. Ég mun veita þeim öllum viðurkenningu fyrir þessa fyrstu þátttöku og frá því verður sagt í næsta CQ TF. Nú hvet ég amatöra til að taka þátt á nýju ári, þar sem við byrjum “fyrir alvöru” og stigatalning hefst að nýju. Ekki þarf að gera neitt öðruvísi en nú er, samböndin mega nánast vera hvar sem er (160–6 m), hvenær sem er og með hvaða mótun sem er. Eina skilyrðið er að þátttakendur eigi samböndin skráð svo unnt sé að telja þau saman síðar. Oft sleppa menn skráningum innanlandssambanda núorðið, en með því að punkta þau niður er unnt að tína þau til þegar kemur að viðurkenningum.

Þegar árinu 2005 lýkur verða veitt sérstök verðlaun þeim amatör sem hefur flest stig yfir árið. Strax eftir fyrstu þrjá mánuði ársins verður enn fremur veitt viðurkenning þeim sem nær flestum stigum á því tímabili. Ég sendi þeim sem óska þess prentaðar reglur og skýringar í pósti. Haf-

Heimakallmerki Þátttakanda	Fjöldi TF-sambanda	Fjöldi mismunandi TF-kallmerkja	Heildarstig
TF3GW	124	27	12.312
TF8GX	42	22	3.854
TF3KX	83	19	2.652
TF3BM	49	15	1.242

ið þá samband við mig í síma 555-0028, í tölvupósti: tf3kx@simnet.is – eða auðvitað á 3633 kHz. Einnig má finna allar upplýsingar á vefsíðu minni: www.simnet.is/net/tf3kx.